

Saga
Janusar endurhæfingar (JE)

2000



- Lífeyris- og sjúkrasjóðir stofna JE
- Samningur við Heilbrigðisráðuneytið.
- Með aðstöðu í Vörðuskóla/lðnskólanum Rvk.

2007



- Lífeyrisjóðirnir og sjúkrasjóðir draga sig út úr starfseminni.
- Áframhaldandi þjónustusamningur við Heilbrigðisráðuneytið.
- Önnur vísindagrein birt.

2004



- JE hlýtur Starfsmenntaverðlaunin fyrir framúrskarandi starf á sviði starfsmenntunar.
- Vísindagrein um aðferðarfræði JE birt.

2011



- Þjónustusamningur við Virk undirritaður.
- Virk styrkir þróun Vinnulínu innan JE.

2013 - 2015

- Starfsemin þróast og aðlagast að þörfum breytts þátttakendahóps með fjölþætt geðræn vandamál.
- Virk dregur úr tilvísunum á seinni hluta tímabilsins.
- Embætti landlæknis kom í heimsókn árið 2014
- Afmælisráðstefna JE árið 2015.



2012



- Aukning fjölþættra geðrænna vandamála.
- Grein JE í Læknablaðið og viðtal á Vísi benda á að nýleg samþykkt lög um starfsendurhæfingu gætu komið í veg fyrir að hópur einstaklinga með fjölþætt geðræn vandamál fái endurhæfingu við hæfi.
- Úttekt Embættis landlæknis á JE að frumkvæði Velferðarráðuneytisins staðfestir sérstöðu starfseminnar og ber kennsl á nauðsynleika þjónustunnar fyrir einstaklinga sem eiga töluvert í land til að geta tekið virkan þátt í starfsendurhæfingu.

2016



- Utanumhald upplýsinga færast alfarið á rafrænt form með tilkomu Janusar Managers.
- Vísindagrein um áhrifaþætti árangurs í endurhæfingu birt.
- Völvan (gervigreind) er gangsett og JE byrjar vegferð að því að verða framalega í nýtingu gervigreindar í endurhæfingu.
- JE tekur á móti Hvatningaverðlaunum fyrir framúrskarandi eflingu geðheilsu frá "Þú getur!" forvarna- og fræðslusjóði.
- Starfsmenn frá Embætti landlæknis komu í heimsókn.



2017

- Samstarfssamningur um vísindavinnu og starfsnám milli JE og Háskóla Íslands undirritaður.
- Tvær vísindagreindar tengdar þróun og notkun á gervigreind birtar. Báðar fengu verðlaun.

2018



- Veruleg aukning einhverfu innan þátttakendhópsins.
- Embætti landlæknis vottar að JE megi reka heilbrigðisþjónustu (RA18-4554).
- Starfsleyfi fæst frá Reykjavíkurborg, Heilbrigðiseftirliti með gildi til 17. apríl 2030.
- Samingur við Virk um fastan fjölda pláss, 105-140.
- Birt vísindagrein um notkun gervigreindar til að spá fyrir um breytingu á lífsgæðum.

2019



- Innsend vísindagrein um gervigreind í endurhæfingu birt í Læknablaðinu.
- JE er stofnaðili að alþjóðlegum samstarfshópi um þróun og notkun á gervigreind í heilbrigðis- og félagsþjónustu (ADAPT).

2020



- Samingur við Virk um 140 pláss á mánuði undirritaður.
- Virk tekur einhliða ákvörðun um mitt ár að fækka plássum í 120.
- JE stendur fyrir málþingi á læknadögum.
- JE stendur fyrir vinnustofu um notkun gervigreindar í heilbrigðis- og félagsþjónustu fyrir sérfræðinga í Svíþjóð í samstarfi við Háskólan í Stirling, Skotlandi.

2022



- Unnið að Dialektískri atferlismeðferð (DAM) verkefni um þróun á hópúrræði.
- Sérfræðingar JE birta grein í fjölmiðlum. Hvatting til fjárfestingar í geðendurhæfingu.

2023



- Þríhliða samningur JE, Sjúkratrygginga Íslands og Virk undirritaður í október, með gildi til 1. september 2025. Átti að tryggja 80 pláss.
- JE fékk gæða- og nýsköpunarstyrk til að þróa tæknilausnir fyrir ADHD greiningar.
- JE gerði tímabundinn þjónustusamning við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um framkvæmd ADHD greininga.
- JE bauð Ölmu Möller landlækni í heimsókn, hún kom ekki.
- JE byrjaði að bjóða uppá ADHD greiningar fyrir almenning.



2024

- Tilkynning frá Virk í maí: Ákveðið að fækka plássum um 20, niður í 60. Einnig að ekki verða gerðir fleiri þjónustusamningar við JE.
- Í nóvember þvingar Virk starfsendurhæfingarsjóður fram undirskrift undir verklokasamning milli Virk starfsendurhæfingarsjóðs, JE og Sjúkratrygginga með styttingu gildistíma um 3 mánuði miðað við fyrri samning, eða 1. júní 2025.
- Í des. 2024 var tekið upp fyrirkomulag þar sem JE **tók beint** við tilvísunum um þjónustu frá læknum. A tveimur mánuðum bárust JE 50 tilvísanir.
- JE bauð Ölmu Möller (þá landlæknir) í heimsókn, hún kom ekki.
- Heilbrigðisráðherra tilkynnt í apríl og des. 2024 að stjórn JE sé tilbúin til að afhenda óbreytta starfsemi JE sem gjöf til ríkisins með því skilyrði að starfsemin fái að starfa óbreytt til að byrja með. Ekki verði byrjað á því að breyta því sem virkar eða bíta starfsemina niður.
- Heilsugæslan lýsir yfir áhuga en getur ekki tekið við JE án þess að fá fjármagn. Heildræn starfsemi JE yrði því eyðilögð.
- Heilbrigðisráðherra Ölmu Möller var boðið í heimsókn í desember. Hún kom ekki.

2025

- Landspítalinn og Reykjalundur lýsa yfir áhuga að fá JE en geta ekki tekið við JE án þess að fá fjármagn til rekstursins. Heildræn starfsemi JE yrði því eyðilögð.
- Framkvæmdastjóri JE hélt erindi á afmælisþingi Reykjalundar: Þátttakendur voru í lok þess hvattir til að gefa ekki afslátt af fagþekkingu sinni, gildum og hagsmunum skjólstæðinga. Ekki leyfa þrýstingi kerfisins að yta okkur í gagnstæða átt. Muna að kerfið er til fyrir okkur en ekki öfugt.
- 26. feb. fundur stjórnar JE með heilbrigðisráðherra. Enginn áhugi eða vilji hjá heilbrigðisráðherra til að nýta þjónustu JE í óbreyttri mynd. Lokun JE því staðreynd.
- Viljayfirlýsing eigenda JE um að gera JE að sjálfseignastofnun og fá óhagnaðardrifin hagsmunasamtök í stjórn send til heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytisins. Engin áhugi.
- Sigrún Ósk Bergmann stofnaði undirskriftarlista 5. mars til að reyna koma í veg fyrir lokun. Yfir 3100 skrifuðu undir. Listinn var afhentur heilbrigðisráðherra í apríl 2025.
- Leiðrétting var send til fjölmiðla varðandi umfjöllun um JE í þætti RÚV: "Þetta helst" 15. apríl. RÚV leiðrétti ekki umfjöllunina.
- Fundað var með starfsmönnum Embættis landlæknis og erindi sent Embættinu vegna hættu á rofi á þjónustu og á bakslagi hjá þátttakendum JE. Biðlisti JE einnig ræddur og deilt með landlækni.
- Erindi, tillaga að lausn, send í apríl til þriggja ráðuneyta og Virk til að reyna að tryggja áframhaldandi þverfaglega og heildstæða endurhæfingu. Enginn áhugi.
- 10. maí 2025 sendi formaður endurhæfingarráðs bréf ásamt minnisblaði til forstjóra Virk, Ingu Sæland og Ölmu Möller til að leiðrétta túlkun ráðuneyta á vægi starfsendurhæfingar vs heilbrigðisendurhæfingar fyrir væntanlega þjónustuþega.
- Í maí var klárað að senda öll viðeigandi gögn til Virks starfsendurhæfingarsjóðs í samráði við hluteigandi aðila.
- Lokun geðendurhæfingar JE tók gildi júní 2025
- ADHD greiningum þverfaglegs teymis JE var hætt í okt. 2025
- Sept. - des. 2025: Húsnæðið að Skúlagötu 19 RVK var tæmt. Góð málefni voru styrkt með gjöfum á tækjum/verkfærum og innstoksmunum og fleirur.
- Lyklum að húsnæðinu var skilað til leigusalans Heima í des. 2025

